



## **Aðalfundur Leiknar 2026**

**Leikn hélt aðalfund sinn 20. maí kl. 15.00**

**Staður: Stórhöfði 27, 110 Reykjavík og TEAMS**

Mætt voru: Helen Gray (Formaður, lðan), Björn Garðarsson (meðstjórnandi, FA), Guðrún Vala Elísdóttir (Gjaldkeri, Símenntun Vesturlandi), Oddbergur Eiríksson (varamaður, Fjölmennt), Þórunn Grétarsdóttir (ritari, Mímir), Kjartan Jónsson (varamaður, Multikulti), og Guðfinna Harðardóttir (Starfsmennt), Sædís María Jónatansdóttir (Fræðslumiðstöð Vestfjarða), Bryndís Fiona Ford (Austurbrú) og Þór Pálsson (Rafmennt). Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir (meðstjórnandi) – boðaði forföll.

### **Dagskrá:**

#### 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

- Björn Garðarsson stjórnaði fundi
- Helen Gray, fundarritun

#### 2. Skýrsla stjórnar

- Helen Gray las skýrslu stjórnar– Samþykkt

#### 3. Endurskoðaðir reikningar félagsins

- Guðrún Vala Elísdóttir gerði grein fyrir reikningum félagsins – Samþykkt

#### 4. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga - Samþykkt

- Ánægja með skýrslu stjórnar og verkefni. Sértaka athygli fékk ný heimasíða hönnuð af Netvöktun og nýtt lógó félagsins. Formaður hefur verið að færa inn gögn frá starfsárunum 24-26. Lítið sem ekkert efni inn á síðunni frá 2021-2024.
- Ábending frá skoðunarmanni reikninga: Til framtíðar lítið gæti verið ráð að staðla rekstraliði, t.d. erlend verkefni...

#### 5. Fjárhags- og rekstraráætlun

- Félagið stendur vel, en gerð var athugasemd að það ætti ekki að sitja á eða safna fjármagni.
- Umræða fór fram um að gera Leikn sýnilegri – t.d. á ráðstefnum og fleiri viðburðum. Nýstjórn tekur rekstraráætlun til endurskoðunar með tilliti til nýrra verkefna í því samhengi.
- Tilgangur félagsins er ekki að safna fé og ættum við að leita leiða til að nýta fjármagn til kynningar og annarra góðra verka.

## 6. Kjör stjórnar –

- Björn Garðason – gefur ekki kost á sér
- Helen Gray – gefur ekki kost á sér sem formaður en er tilbúin að vera áfram í aðalstjórn
- Þórunn Grétarsdóttir – gefur ekki kost á sér
- Bergþóra H. Guðjónsdóttir – gefur ekki kost á sér
- Guðrún Vala Elísdóttir, Símenntun Vesturlandi – gefur kost á sér áfram í aðalstjórn
- Oddbergur Eiríksson, Fjölmennt – gefur kost á sér áfram varamaður
- Kjartan Jónsson, Multikulti – gefur kost á sér áfram sem varamaður

## Nýir í stjórn eru:

- Hildur Hrönn Oddsdóttir – Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
- Sædís María Jónatansdóttir - Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Eydís Katla Guðmundsdóttir – Fræðslunet Suðurlands

## 7. Kosning skoðunarmanna reikninga

- Eyjólfur Sturlaugsson
- Þór Pálsson

8. Önnur mál - Spurt var um umsóknir frá einstaklingum í félagið og hvernig eigi að svara þannig fyrirspurnum. Verkefni nýrrar stjórnar er að skoða mál sem tengjast aðildarumsóknum í félagið.

f.h. stjórnar

Helen Gray

22. maí 2026

